



Fundur háskólaráðs 18. janúar 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 11.01.2007
Dags: 18.01.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

02/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 18. janúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Þórir Hrafn Gunnarsson (varamaður Sigurrósar Eiðsdóttur) og Þórdís Kristmundsdóttir. Matthías Páll Imsland boðaði forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Samningur Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytis um kennslu og rannsóknir, dags. 11. janúar 2007.

Inn á fundinn kom Jón Atli Benediktsson, þróunarstjóri Háskólans og aðstoðarmaður rektors. Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega. Svöruðu rektor og Jón Atli framkomnum spurningum og athugasemdum.

1.2 Bráðabirgðauppgjör Háskóla Íslands 2006.

Inn á fundinn kom Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs, og skýrði framlagt yfirlit um rekstur Háskóla Íslands á árinu 2006. Í máli Sigurðar kom m.a. fram að á heildina litið hafi rekstur Háskólans verið í jafnvægi á árinu 2006. Málið var rætt.

1.3 Fjárhagsáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2007. Staða máls.

Sigurður J. Hafsteinsson gerði grein fyrir framlagðri fjárhagsáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2007. Málið var rætt ítarlega og svaraði Sigurður framkomnum spurningum og athugasemdum.

1.4 Úrskurður kjararáðs 2007.5.001, frá 9. janúar 2007.

Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísindasviðs, og gerði grein fyrir framlögðum úrskurði kjararáðs og helstu spurningum sem vakna í kjölfar hans. Málið var rætt.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Stjórnir, nefndir og ráð:

a. Skipan tveggja fulltrúa Háskóla Íslands og eins til vara í samstarfsnefnd um málefni samnings Háskóla Íslands og Íslenskra orkurannsókna, dags. 19. desember 2006. Skipunin er til þriggja ára.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að fulltrúar Háskóla Íslands í samstarfsnefnd um málefni samnings Háskóla Íslands og Íslenskra orkurannsókna verði þau Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor við raunvísindadeild, og Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir, dósent við verkfræðideild. Varamaður verður Sveinn Agnarsson, fræðimaður hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

b. Tilnefning eins fulltrúa Háskóla Íslands og eins til vara í háskólaráð Hólaskóla - Háskólans á Hólum. Landbúnaðarráðherra skipar háskólaráðið til þriggja ára, frá 1. janúar 2007 að telja.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að tilnefna þau Sigurð S. Snorrason, prófessor við raunvísindadeild, og Ágústu Guðmundsdóttur, prófessor við raunvísindadeild, sem fulltrúa Háskóla Íslands í háskólaráði Hólaskóla - Háskólans á Hólum. Með tilvísan í jafnréttislög er gert ráð fyrir að sá aðili sem skipar í ráðið ákveði hvort þeirra verði aðalfulltrúi og hvort til vara.

2.2 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Tillaga starfshóps rektors að endurskoðuðum reglum um ráðningarferli akademískra starfsmanna, sbr. fund ráðsins 2. nóvember sl.

Halldór Jónsson gerði vandlega grein fyrir framlagðri tillögu starfshóps rektors að endurskoðuðum reglum um ráðningarferli akademískra starfsmanna og þeim breytingum sem fram hafa komið frá síðasta fundi ráðsins. Málið var rætt ítarlega og svaraði Halldór framkomnum spurningum og athugasemdum.

- Samþykkt einróma að fela þeim Þórdísi Kristmundsdóttur, prófessor og fulltrúa heilbrigðisvísindadeilda, Ólafi Þ. Harðarsyni, prófessor og varaforseta háskólaráðs, og Halldóri Jónssyni, sviðsstjóra vísindasviðs, að undirbúa málið, að teknu tilliti til framkominna athugasemda, fyrir næsta fund háskólaráðs.

2.3 Tillögur að breytingum á reglum og að nýjum reglum.

a. Tillaga lyfjafræðideildar að nýjum reglum um MS-nám í lyfjafræði og MS-nám í lyfjavísindum, ásamt tillögu að breytingum á 121.-124. gr. reglna HÍ nr. 458/2000.

- Samþykkt einróma.

b. Tillaga félagsvísindadeildar að breytingum á 114. gr. reglna HÍ nr. 458/2000, annars vegar á heiti diplómanáms í kynjafræði og hins vegar um heimild til að bjóða upp á diplómanám í bókasafns- og upplýsingafræði að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi.

- Samþykkt einróma.

c. Tillaga hugvísindadeildar, annars vegar að breytingu á 102. gr. reglna Háskóla Íslands, um hámarksnáms tíma, um meðaleinkunnina 6,0 við brautskráningu o.fl. - og hins vegar um breytingu á IV. kafla reglna um framhaldsnám til aðgreina betur ákvæði um meistaranám og doktorsnám.

- Samþykkt einróma.

d. Tillaga gæðanefndar að breytingu á 4. mgr. 61. gr. reglna Háskóla Íslands nr.

458/2000 um einkunnagjöf, sbr. fund ráðsins 16. nóvember sl.

- Samþykkt einróma.

e. Tillaga kennslusviðs að breytingu á 52. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 458/2000 um skilgreiningu námsleiða.

- Samþykkt einróma.

2.4 Erindisbréf fjármálanefndar.

Rektor gerði grein fyrir málinu.
- Samþykkt einróma.

2.5 Drög að umsögnum Háskólans um tvö frumvörp sem lögð hafa verið fram á Alþingi.

a. Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 272. mál, heildarlög.

- Samþykkt einróma.

b. Frumvarp til laga um embætti landlæknis, 273. mál, heildarlög.

- Samþykkt einróma.

2.6 Bréf frá formanni jafnréttisnefndar, dags. 22. desember sl.

- Frestað til næsta fundar.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Verklag við frágang auglýsinga um samhliða störf við HÍ og LSH, samþykkt í stefnunefnd HÍ og LSH 12. janúar 2007.

4. Önnur mál

4.1 Málefni lagadeildar

Inn á fundinn kom Páll Hreinsson, prófessor og forseti lagadeildar, og gerði grein fyrir fjárhagsstöðu deildarinnar með hliðsjón af deililíkani Háskólans. Málið var rætt og svaraði Páll framkomnum spurningum.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 16.00.